



## 9. fundur aðalstjórnar haldinn á skrifstofu félagsins að Varmá.

Aðalstjórn Aftureldingar fundaði miðvikudaginn 14. jan. 2015 á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 18:10.

Mætt: Eymundur Sigurðsson (ES) Gudjon Helgason (GH) Hekla Klemenzdóttir (HK) Geirarður Long (GL) Anna Sigurðar (AS) og Auður Gunnarsóttir (AG). Einnig sat Indriði Jósafatsson (IJ) framkvæmdastjóri félagsins fundinn.

Lára Berglind Helgadóttir boðaði forföll.

---

Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Ábendingar frá formanni meistaraflokksráðs karla, knattspyrnudeild.

Málið rætt. Stjórnin fagnar allri umræðu um þessi mál. Ákveðið að fara yfir innsenda punkta og skoða í samræmi við lög Aftureldingar. Sett á laggirnar nefnd til að koma með tillögur að endurskoðun laga félagsins. Í nefndinni eru Eymundur Sigurðsson, Hekla Klemensdóttir og Geirharður Long. Nefndin skal skila inn tillögum til aðalstjórnar fyrir 20. febrúar næstkomandi komi þörf á breytingum á þeim í ljós.

### 2. Reglur um sölu leikmanna.

Aðalstjórn leggur til að laganefnd þessi skoði einnig reglur um sölu félagsins á ungum leikmönnum sömuleiðis og leiti eftir upplýsingum um skiptareglur hjá sambærilegum félögum sem selt hafa leikmenn undanfarin ár.

### 3. Aðalfundur.

Stefnt er að aðalfundi 25. mars næstkomandi. Lagabreytingar og tilkynning um framboð til stjórnar þurfa að berast til framkvæmdastjóra félagsins fyrir 11. mars næstkomandi.

### 4. Þorablót.

IJ tekur saman gestalista fyrir aðalstjórnarborðið og tekur frá miða. Stjórnin ræddi myndatökur á þorablóti. Stjórnin mælir með við þorablótsnefnd að farið verði varlega í skipulagðar myndbirtingar af samkomunni m.a. vegna persónuverndarsjónarmiða vegna þess að þarna fara myndir af þjálfurum, kennurum og foreldrum barna sem eru að skemmta sér beint inn á samfélagsmiðla. Stjórn leggur áherslu á að unglingar séu ekki í störfum á vegum nefndarinnar á samkomunni, eingöngu þeir sem aldur hafa til.

### 5. Önnur mál.

Kvinnalið Aftureldingar landaði Íslandsmeistaratitli í Futsal um síðustu helgi. Stjórnin óskar stúlkunum, þjálfurum þeirra og stjórn til hamingju með árangurinn.

Fundi slitið 20:30

Eymundur Sigurðsson  
( sign. )